

249. stjórnarfundur FEBRANG 26.8. 2024 kl. 12:00 í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru, Jón Ragnar Björnsson, Svavar Hauksson, Jóna E. Sverrisdóttir, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon, Margrét Guðjónsdóttir, Finnur Egilsson og Sigdís Oddsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð öll velkomin. Bað Sigdís að rita fundargerð og Svavar að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð fundar 248 frá 27.5. 2024 lesin og samþykkt.
2. Hvað gerðist milli funda.
 - a. Ísfirðingar komu í vöflukaffi til okkar sem haldið var í Hvolnum nú í vor. Stjórn er sammála um að vel hafi tekist til.
 - b. Fundur með leiðbeinendum í handverki. Góður fundur og leiðbeinendur jákvæðir og lausnamiðaðir.
 - c. Ferðir sumarsins:
 - i. **Ferð í Flóann.** Allt gekk vel og vel tekið á móti okkur á öllum stöðum.
 - ii. **Ferð á Snæfellsnes.** Ferðin gekk vel í alla staði, leiðsögumaður alveg frábær. Góður matur á öllum stöðum.
 - iii. **Ferð í Þakgil.** Góð ferð í alla staði þrátt fyrir veður. Leiðsögn um svæðið var afbragð.
3. Verkefni haustannar.
 - a. Félags- og fræðslufundur verður haldinn þann 16.9 í Menningarsalnum á Hellu kl 13.30. Á honum verður farið yfir vetrarstarfið og önnur erindi frá stjórn. Gísli Jafetsson hjá Ferðaskrifstofu eldri borgara á Selfossi kemur á fundinn og segir frá og svarar spurningum um ferðir til Færeyja. Einnig verður Jóhann G. Jóhannsson, verkefnastjóri íþrótt- og fjölmennningar hjá Rangárþingi Ytra, með erindi um nauðsyn hreyfingar og fl.
 - b. Handverk, keramik, postulín og útskurður fer af stað um miðjan september. Nánar auglýst síðar í bæklingi sem dreift verður á öll heimili í sýslunni.

Samþykkt var að handverksdögum á Hellu verði fækkað úr tveim dögum í einn í viku, vegna mikillar fækkunar þátttakenda. Miðvikudagar verða þá handverksdagar. Annargjald helst óbreytt 4500 kr. Laun leiðbeinenda hækka samkvæmt kjarasamningum BSRB. Aksturspeningar hækka sömuleiðis.

Starfsmaður FEBRANG (Dísa) hefur viðveru á handverksdegi kl. 12 -16. Þá geta félagsmenn leitað til hennar varðandi ýmis tæknileg margmiðlunarmál og skráningar á viðburði félagsins.

- c. Spilin byrja 19.9. í Hvolnum á Hvolsvelli á fimmtudögum kl. 14 -16. Starfsmaður mun setja sig í samband við þá sem sjá um kaffi annarsvegar og spilastjóra hinsvegar.
 - d. Boccia helst væntanlega með óbreyttu sniði. EGM mun hafa samband við íþróttamannvirki og fá staðfestan tíma. Rangárþing Ytra hefur fest kaup á nýjum boltum í íþróttahúsið og erum við afskaplega þakklát fyrir það.
 - e. Ákveðið var að FEBRANG styrki Hring, kór félags eldri borgara, um 272.000 krónur á haustönn.
 - f. Leiklistarnámskeið verður á þriðjudögum í Hvolnum kl.12-13. Byrjar 17.9.
 - g. Dans annan hvern þriðjudag til skiptis á Hellu og Hvolsvelli. Dansnefnd sér um skipulagningu og framkvæmd.
 - h. Stjórnin stendur fyrir námskeiði í Skapandi skrifum í haust. Námskeiðið verður í fjögur skipti, hefst 11.10. og leiðbeinandi Harpa Rún Kristjánsdóttir. Verð er 10.000 krónur.
 - i. Árshátíð verður haldin 10.10 í Hvolnum og hefst kl.19. Kvenfélagið Eining á Hvolsvelli sér um hátíðarmatinn. Fordrykkur. Veitt verða púttverðlaun að venju og skemmtinefnd beðin að töfra fram skemmtiatriði. Stjórnin leggur til að Ásdís Ólafsdóttir lesi ljóð eftir sig sem stutt verði ljósmyndum Ástu á Grjótá. Dísu mun leita eftir aðilum til að leika fyrir dansi.
- Árshátíðin verður niðurgreidd til félagsmanna og greiða þeir kr. 5.000 fyrir þátttöku.
- j. Jólahlaðborð verður 29.11 í Hvolnum og hefst kl. 19. Matur verður frá hinu vinsæla Múlakaffi.

Jólahlaðborðið verður niðurgreitt til félagsmanna og greiða þeir kr. 5.000 fyrir þátttöku.

- 4. Stjórn FEBRANG vinnur að útgáfu kynningarbæklinga sem sendur verður á öll heimili í Rangárvallasýslu, samtals 1339. Hönnunarvinna er komin vel á veg og höfum við fengið tilboð í prentun á bæklingnum frá Svartlist. Reiknað er með að senda bæklinginn í prentun upp úr næstu mánaðarmótum. Unnið er að því að afla auglýsinga í bæklinginn. Óskum eftir sjálfboðaliðum við að bera bæklinginn út 5.-10. september n.k.
- 5. Rekstraráætlun 2024.
Farið var yfir endurskoðaða rekstraráætlun 2024. Hagræðing í rekstri skilar sér í því að unnt er að styðja fjárhagslega við fleiri verkefni en áður..

6. Lagt er til að fest verði kaup á tölvubúnaði og prentara fyrir starfsmann félagsins. Samþykkt samhljóða.
7. Nú er ljóst að Ásdís, Svavar og Jón Ragnar gefa ekki áfram kost á sér í stjórn. Því er ljóst að fólk vantar til að taka sæti í stjórninni í þessu öflugra félagi. Við hvetjum alla þá sem áhuga hafa, að hafa samband við stjórnarmeðlimi eða starfsmann félagsins.
8. Viðburðadagatal/Verkefnaskjal lagt fram.
9. Lógó, frestað til næsta fundar.
10. Margmiðlunarkennsla. Frestað til næsta fundar.
11. Næsti fundur 9.9. kl. 12.

Fleira ekki gert og fundi slitið